

62. fundur

Fundur var haldinn hjá safna- og menningarmálanefnd þriðjudaginn 3. apríl 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Eypór Benediktsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnheiður Óladóttir, Kristín Víðisdóttir, Erna Guðmundsdóttir og Dagbjört Höskuldsdóttir.

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nefndarinnar, Kristínu Víðisdóttur, velkomna.

1. Ljósmyndasafn.
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir hefur tekið að sér vinnu við skráningu ljósmyndasafns í 50% starfi í þrjá mánuði til maí loka. Hún mun síðan setja starfsmenn bókasafnsins inn í áframhald verksins.
Rætt um mikilvægi þess að tryggja að unnið sé við safnið í ákveðnu starfshlutfalli.
2. Vatnasafn.
Ragnheiður Óladóttir mun verða umsjónaraðili Vatnasafns, geyma lykil og annast samskipti. Safnið mun heyra undir safna- og menningarmálanefnd.
Opnunardagsetning fyrir bæjarbúa er áætluð 3. maí, formleg opnun 5. maí, dagskrá tengd listahátíð verður 12. maí.
3. Bókasafn.
 - a) Frágangi hússins er ekki fulllokið og þyrfti að ljúka honum sem fyrst.
 - b) Unnið er að því að fá geymsluhúsnæði fyrir safnið.
 - c) Mikið starf hefur verið unnið við skráningu safnkosts.
 - d) Ragnheiður ætlar að skoða kostnað og dreifingaraðferðir erlendra dagblaða eða vikublaða.
 - e) Ragnheiður lagði fram ósk um að Amtsbókasafnið fengi fartölvu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.05.

Eypór Benediktsson (sign.),
Dagbjört Höskuldsdóttir (sign.),
Kristín H. Víðisdóttir (sign.),
Ragnheiður Óladóttir (sign.),
Magnús A. Sigurðsson (sign.),
Erna Guðmundsdóttir (sign.).